

# Stýrivaxtaspá Hagfræðideildar



*Spáir óbreyttum stýrivöxtum á næsta vaxtaákvörðunardegi peningastefnunefndar SÍ.*

Á síðasta fundi sínum í september ákvað peningastefnunefndin að halda stýrivöxtum óbreyttum, þvert á spá flestra greiningaraðila sem gerðu ráð fyrir vaxtahækkun. Síðan þá hefur lítið breyst í þróun efnahagsmála sem gefur tilefni til að ætla að nefndin komist nú að annarri niðurstöðu.

Einn meðlimur nefndarinnar greiddi atkvæði gegn tillögu Seðlabankastjóra um óbreytta stýrivexti. Hann hefði fremur kosið 0,25 prósentu vaxtahækkun í ljósi hárra verðbólguvæntinga og hættunnar á því að mikil verðbólga festist í sessi. Þróunin á alþjóðavettvangi hefði takmörkuð áhrif á innlenda raunhagkerfið og óbreyttir stýrivextir gætu hugsanlega grafið undan þeim skilaboðum sem send voru með í ágúst. Hagfræðideildin tekur undir þessar áhyggjur. Meirihluti Peningastefnu- nefndarinnar taldi hinsvegar aðra þætti vega þyngra, svo sem hagstæðari verðbólguþróun en spáð var í ágúst, hræringar á alþjóðlegum fjármálamörkuðum og vísbendingar um veikari alþjóðlegan hagvöxt.

Frá síðustu vaxtaákvörðun hefur gengi krónu styrkst og verð annarrar hrávöru en olíu lækkað nokkuð á erlendum mörkuðum. Áframhald á þeirri þróun mun draga úr verðbólguþrýstingi hér á landi. Þá hafa verðbólguvæntingar á skuldabréfamarkaði lækkað nokkuð en eru þó enn langt yfir verðbólguþrýstingi SÍ.

Í síðustu fundargerð peningastefnunefndarinnar kom fram að meirihluti nefndarmanna væri sammála um að verðbólguhorfur bentu til þess að til lengri tíma lítið væri við hæfi að halda áfram að draga úr slaka peningastefnunnar eins og byrjað var á í ágúst. Hagfræðideildin telur hinsvegar ólíklegt að frekara skref í þá átt verði stigið að þessu sinni en litlar líkur séu þó á því að vaxtahækkunarferlinu sé lokið.





Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.